

Fjórði fundur haustmisseris í Gammadeild DKG, jólafundur, var haldinn mánudaginn 5. desember, 2011, kl. 19.30 að heimili Ragnhildar Þórarinsdóttur, Brúnavegi 8, „Gamla pósthúsinu“.

Gestur kvöldsins: Sólveig Eggerz, rithöfundur

Tekið fyrir:

1. **Fundarsetning.**Formaður, Kristín Jónsdóttir, kveikt á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi, setti fund kl. 19.35 og bauð konur velkomnar. Helga G. Halldórsdóttir, varaformaður, hafði nafnakall. Alls sóttu 25 konur fundinn (sjá meðfylgjandi skrá).

2. **Fundargerð síðasta fundar.**Gerður G. Óskarsdóttir, ritari, las upp fundargerð síðasta fundar 15. nóvember, sl. og var hún samþykkt.
3. **Ýmis mál.**Formaður minnti á landssambandsþingið 28. apríl nk. sem fram fer í Þjóðmenningarhúsinu og alþjóðasambandsþingið í New York 28. júlí nk.
4. **Vilborg Dagbjartsdóttir**las upp úr nýútkomnum æviminningum sínum, *Úr þagnarhyl*, við góðar undirtektir fundarkvenna.
5. **Kynning á nýútkominni bók.**Gestur kvöldsins var Sólveig Eggerz, rithöfundur sem kynnti bók sína *Selkonuna* en bókin kom út í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum undir titlinum *Seal Woman* og hefur fengið þar tvö virt verðlaun. Með henni var þýðandi bókarinnar, Hólmfríður Gunnarsdóttir. Gerður kynnti Sólveigu sem ólst upp í Bandaríkjunum, Þýskalandi, á Englandi og Íslandi, en faðir hennar var í utanríkisþjónustunni. Hún hefur dvalið mestan sinn aldur í Bandaríkjunum, hefur fengist þar við blaðamennsku, háskólakennslu og ritstörf og lokið doktorsprófi í bókmenntum. Sólveig sagði að kveikjan að bókinni hefði verið kvikmyndin *María* sem hún sá á Íslandi og fjallaði um þýska konu sem kom til landsins eftir stríðið. Bakgrunnur bókarinnar lægi einnig í rannsóknnum hennar og skrifum um sögu Gyðinga í Þýskalandi. Loks sagðist hún sjálf vera selkona, hún bæri alltaf Ísland í hjarta sér, sbr. selkonuna sem átti sjö börn á landi og sjö börn í sjó. Söguhetjan Charlotte var ein af þýsku konunum sem komu til Íslands árið 1944 á flótta frá örbirgð í Þýskalandi eftir síðari heimstyrjöldina. Hún var listakona frá Berlín, hafði verið gift listamanninum Max, sem var erfingi stórverslunar í borginni. Honum fannst hann fyrst og fremst vera Þjóðverji þótt hann væri Gyðingur, hann var kommúnisti og barðist gegn nasistum. Þau eignuðust dótturina Lenu, en hvað varð um hana? Það er átakþráðurinn í sögunni. Við komuna til Íslands fór Charlotte á sveitabæ og giftist þar bóndanum Ragnari. Hún varð auðvitað fyrir menningarsjokki og minningarnar sem hún fékk ekki tækifæri til að tala um sóttu á hana. Sólveig las nokkur kaflabrot út bókinni, þar á meðal um bónorð Ragnars: „Er þá allt í lagi?“ sagði hann í flekknum! (bls. 33). Gerður var góður rómur að kynningu Sólveigar og að afloknu kaffihléi fóru fram fjörugar umræður milli Sólveigar og fundarkvenna.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 10.00. GGÓ fundarritari.